

## REGLUGERÐ

### um veiðar á ígulkerum.

#### 1. gr.

Allar veiðar á ígulkerum í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu. Um plögveiðar krókabáta vísast til reglna um veiðar krókaflamarksbáta.

Leyfi til ígulkeraveiða skulu gefin út fyrir hvert fiskveiðiár. Ráðherra er heimilt að fela Fiskistofu að fella úr gildi öll leyfi til ígulkeraveiða sé talin ástæða til að takmarka veiðarnar eða endurskipuleggja stjórnun þeirra.

Veiðar á ígulkerum til manneldis eru einungis heimilar á svæðum sem hafa verið heilnæmiskönnuð af Matvælastofnun (MAST).

Með umsókn skal fylgja samningur um vinnslu á ígulkerum í landi eða jafngild yfirlýsing þegar um eigin vinnslu er að ræða. Í báðum tilfellum þarf staðfesting frá MAST að fylgja um að viðkomandi vinnsla hafi gilt vinnsluleyfi frá MAST.

#### 2. gr.

Auk skila á afladagbókum samkvæmt reglugerð um afladagbækur skal skipstjóri senda Hafnarssóknastofnun vikulega, á mánudegi, upplýsingar um afla og veiðisvæði undanfarandi viku á því formi sem Hafrannssóknastofnunin ákveður, óski stofnunin eftir slíku.

#### 3. gr.

Við vigtun og skráningu á ígulkerum gilda ákvæði reglugerðar um vigtun og skráningu sjávarafa, með síðari breytingum.

#### 4. gr.

Fiskistofu er heimilt að svipta skip leyfi til ígulkeraveiða vegna brota á ákvæðum leyfisbréfa og ákvæðum laga og reglugerða, sem lúta að stjórn veiða og nýtingu nytjastofna. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fellur jafnframt úr gildi leyfi til ígulkeraveiða.

#### 5. gr.

Brot varða viðurlögum samkvæmt 17. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál sem kunna að rísa út af brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út samkvæmt henni skal farið að hætti sakamála.

#### 6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. mars 2014 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 492, 13. desember 1993, um veiðar á ígulkerum.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 15. nóvember 2013.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Baldur P. Erlingsson.**

---

*Hrefna Karlsdóttir.*